

Myndir, tal og texti

Áhrif efnissöfnunaraðferða á framburðartilbrigði

1. Inngangur

Í þessari grein er fjallað um aðferðafræði framburðarrannsókna.¹ Fyrst er vikið að markmiðum framburðarrannsókna og málrannsókna almennt til þess að undirbúa jarðveginn. Þá er rætt nánar um markmið rannsókna á framburðartilbrigðum og sagt frá aðferðum sem hafa verið notaðar til að tryggja að þessi markmið náist við söfnun efnis. Mikilvægt hugtak í þeirri umræðu er það sem kalla má *þversögn rannsakandans*, en henni mætti lýsa svo þegar um málrannsóknir er að ræða: Sá sem er að rannsaka framburð einstaklinga vill afla traustra og ítarlegra gagna um hann, en um leið vill hann forðast að efnissöfnunin hafi áhrif á það hvernig málnotandinn talar. En því skipulegri sem efnissöfnunin er, því líklegri er að öðru jöfnu að hún geti truflað málnotandann og haft áhrif á málbeitingu hans. Í framhaldinu er síðan greint frá rannsóknum á tilbrigðum í íslenskum framburði og einkum stuðst við gögn úr þeim rannsóknum sem oftast eru kallaðar RÍN (skammstöfun fyrir „Rannsókn á íslensku nútímamáli“, gerð á 9. áratug sl. aldar) og RAUN („Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð“, 2010–2012), en einnig er gerður nokkur samanburður við rannsóknir Björns Guðfinnssonar (BG, gerðar á 5. áratug sl. aldar) og niðurstöður úr rannsóknaverkefni SVIÐ („Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma“, 2023–2025). Þeim aðferðum við efnissöfnun sem voru notaðar í RÍN og RAUN er lýst og sagt hvað réði því að þær voru valdar og hvernig þeim var beitt. Þá er aðferðum SVIÐ lýst stuttlega til samanburðar. Síðan er sagt frá athugunum á því hvort mismunandi efnissöfnunaraðferðir kunni að hafa haft

¹ Ég þakka tveim ónafngreindum ritrýnum mjög gagnlegar athugasemdir við upphaflega gerð þessarar greinar.



áhrif á niðurstöður um tíðni ólíkra framburðarafrbrigða. Meginniðurstaðan er sú að þetta fer bæði eftir því hvaða framburðarafrbrigði er verið að skoða en einnig því hvernig efnissöfnunaraðferðunum er beitt. Í lokin er bent á að þau áhrif sem aðferðirnar virðast stundum hafa á framburðinn þurfa ekki alltaf að fela í sér hættu á því að þau gögn sem aflað er séu gölluð eða ómarktæk og þessi áhrif veita í sjálfu sér áhugaverðar upplýsingar um eðli tungumálsins, málsamfélagsins og beitingu mismunandi málsniða.

2. *Markmið málrannsóknna*

2.1 Málsnið og þversögn rannsakandans

Bandaríski félagsmálfræðingurinn William Labov var ótvírætt meðal áhrifamestu vísindamanna á sviði framburðarrannsókna á síðastliðinni öld. Í bók sinni *Sociolinguistic Patterns* nefnir hann nokkur atriði sem hann telur mikilvægt að hafa í huga varðandi aðferðafræði í málrannsóknum. Meðal þeirra eru þessi:²

- (1) a. Allir málnotendur geta brugðið fyrir sig ólíku *málsniði* (e. *style*). Málsniðið ræðst ekki síst af því að hvaða marki málnotandinn er að gefa gaum að eða fylgjast með eigin málnotkun (e. *audio-monitoring his own speech*).
- b. Það snið sem málnotendur nota þegar þeir gefa minnstan gaum að eigin málnotkun má kalla *heimamál* þeirra (e. *vernacular*).³ Þetta er það óformlega málsnið sem kemur til dæmis fram þegar málnotandinn er að segja vinum sínum brandara eða þræta við maka sinn. Heimamálið er það snið sem gefur bestar upplýsingar um formgerð þess máls sem viðkomandi talar (e. *linguistic structure*). Ástæðan er meðal annars sú að í sumum öðrum málsniðum er meiri hætta á ýmiss konar tilbúinni óreglu eða ofvöndun (e. *hyper-correction*).

Með þetta í huga setti Labov fram það sem oftast er kallað *þversögn rannsakandans* (e. *Observer's Paradox*):⁴

² Þetta er endursögn mín á því sem Labov segir, ekki þýðing. Sjá William Labov, *Sociolinguistic Patterns*, Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 1972, bls. 208–209.

³ Orðið *vernacular* merkir oft ‘móðurmál’, ‘þjóðtunga’ eða ‘mállýska’. Mér fannst *heimamál* passa betur hér eins og sjá má af framhaldinu.

⁴ Labov orðar þetta svona (*Sociolinguistic Patterns*, bls. 209): „the aim of linguistic research in the community must be to find out how people talk when they are not being observed; yet we can only obtain these data by systematic observation.“

- (2) Markmið rannsókna í málsamfélaginu hlýtur að vera það að komast að því hvernig fólk talar þegar enginn er að fylgjast með því. En við getum bara komist að því hvernig fólk talar með því að fylgjast með því á kerfisbundinn hátt.

Í næsta undirkafla verður fjallað um það markmið málrannsókna sem hér er lýst, en ástæðan fyrir því að Labov talar um nauðsyn þess að fylgjast með málnotkun „á kerfisbundinn hátt“ (e. *systematic observation*) er mikilvægi þess að fá sambærileg og viðeigandi gögn frá málnotendunum. Ef aðeins er hugað að frjálsu tali er undir hælinn lagt að slík gögn náist. Í tengslum við þetta nefnir Labov síðan ýmsar leiðir til að draga úr hugsanlegum áhrifum rannsakandans eða hinnar formlegu rannsóknar á það hvernig málnotandinn talar. Þessum aðferðum er það yfirleitt sameiginlegt að þær eiga að fá málnotandann til að gleyma því að verið sé að rannsaka mál hans eða framburð. Við komum nánar að því síðar.

2.2 Málkunnátta og málbeiting

Nú er það svo að ekki eru allir málfræðingar sammála um það meginmarkmið málrannsókna sem Labov lýsir í (2), það er að það sé fólgið í því að komast að því hvernig fólk talar þegar enginn er að fylgjast með því. Málkunnáttufræðingar (oft kallaðir *generativists* á ensku) líta frekar svo á að meginmarkmið málrannsókna sé að komast að eðli *málkunnáttunnar* (e. *competence*). Til þess getur þurft að horfa framhjá ýmsu í *málbeitingunni* (e. *performance*), svo sem ýmiss konar mismælum, ófullkomnum setningum og svo framvegis. Þótt málbeitingin endurspegli auðvitað málkunnáttuna er líka hægt að kanna eðli málkunnáttunnar á fleiri vegu og það er oft nauðsynlegt.⁵ Í setningafræðirannsóknum er til dæmis mjög algengt að bera ólíkar setningagerðir undir dóm málnotenda og kanna hvort þeir telji þær eðlilegt mál eða hvort þeir geti sagt svona.⁶ Allir sem hafa reynt að rannsaka framburð vita hins vegar að það skilar oft litlu að spyrja málnotendur hvort þeir beri tiltekin orð fram svona eða hinsegin eða hvort þeir telji þennan framburð eða hinn eðlilegan. Þeir heyra ekki alltaf þau tilbrigði sem verið er að kanna. Í rannsóknum á framburði er þess vegna algengast að safna

⁵ Umræðu um þetta má til dæmis finna hjá Höskuldi Þráinssyni, „Um hvað snýst málið? Um málfræði Chomskys, málkunnáttu og tilbrigði“, *Ritið* 3/2008, bls. 9–34, og í ritum sem þar er vísað til.

⁶ Sjá til dæmis Höskuld Þráinsson, Ásgrím Angantýsson, Einar Frey Sigurðsson, Sigrúnu Steingrimsdóttur og Þórhall Eypórsson „Efnissöfnun og aðferðafræði“, *Tilbrigði í setninga-gerð I. Markmið, aðferðir og efniviður*, ritsjórar Höskuldur Þráinsson, Ásgrímur Angantýsson og Einar Frey Sigurðsson, Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands, 2013, bls. 19–68.

efni með einhverju móti og greina það síðan. Þá vaknar hins vegar spurningin um það hvernig sé best að safna þessu efni og hvers konar efni gefi bestar og traustastar upplýsingar.

2.3 Mikilvægi heimamálsins í samanburði við önnur málsnið

Labov vísar mjög oft að eðli heimamálsins og mikilvægi þess í framburðarrannsóknnum þegar hann ræðir um aðferðafræði í framburðarrannsóknum. Hann hefur til dæmis lýst heimamálinu og mikilvægi þess svona:⁷

- (3) a. Heimamálið er það mál sem málnotendur **tileinka sér á máltökuskeiði**. Það er reglulegt í eðli sínu, líka þau tilbrigði sem finna má innan þess. Sama gildir ekki endilega um þau málsnið sem málnotendur tileinka sér síðar á lífsleiðinni. Heimamálið getur verið viðurkennt mál (e. *the prestige dialect*) eða einhver staðbundin eða félagsbundin mállýska (e. *a non-standard variety*).
- b. Í sumum tilvikum er hægt að fá traust gögn (e. *systematic data*) með því að **skoða formlegri málsnið** (e. *more formal speech styles*), en við vitum það ekki fyrr en þau gögn hafa verið borin saman við gögn úr heimamálinu.
- c. Í viðtölum við rannsakendur er ólíklegt að málnotandinn tali heimamálið, sama hversu afslappað og vinsamlegt rannsakandinn reynir að gera viðtalið. Slík viðtöl eru þó eina leiðin til að afla kerfisbundinna gagna um málið.

Hér er vert að gefa gaum að því að í (3a) segir Labov að heimamálið sé það málsnið sem málnotendur tileinka sér á máltökuskeiði. Í því sem segir í (3c) kemur síðan fram að hann telur að málnotendur tali heimamálið fyrst og fremst við afslappaðar aðstæður, sbr. það sem haft var eftir honum í (1b) – heimamálið notar fólk þegar það er ekki að gefa gaum að eigin málnotkun, svo sem í óformlegu spjalli. Síðar í þessari grein verður því hins vegar haldið fram að málið sé ekki alveg svona einfalt.

Í lið (3c) er Labov að tala um þversögn rannsakandans: Markmiðið er, samkvæmt hugmyndum Labovs, að komast að því hvernig málnotandinn talar þegar enginn er að fylgjast með, en til þess að fá upplýsingar um málnotkunina verður rannsakandinn samt að „fylgjast með“. Hér er þó mikilvægt að hafa í

⁷ Þetta er endursögn mín á því sem Labov segir, ekki þýðing. Sjá William Labov, „Field Methods of the Project on Linguistic Change and Variation“, *Language in Use*, ritstjórar John Baugh og Joel Sherzer, Englewood Cliffs: Prentice-Hall, 1984, bls. 28–53, hér bls. 29.

huga að „viðtöl“ eru ekki eina leiðin til að afla kerfisbundinna gagna um málið. Spurningin er hins vegar hvort aðrar aðferðir við efnissöfnun, til dæmis að láta málhafana lesa texta, eru síður til þess fallnar að fá fram það málsnið sem sóst er eftir og gefur traustar upplýsingar um málið.

Eins og bent er á í (1a) hefur Labov sagt að það sem ræður eiginleikum málsniða sé einkum það hversu mikinn gaum málnotandinn gefur að eigin málnotkun. Það er í sjálfu sér ekki hlaupið að því að flokka málsnið á slíkum skala en Labov hefur meðal annars gert það svona:⁸

- | | |
|--|--|
| (4) Sjálfsprottin málnotkun
(e. <i>spontaneous speech</i>)
a. afslöppuð (e. <i>casual</i>)
b. vönduð (eða varfærin, e. <i>careful</i>) | Stýrð málnotkun
(e. <i>controlled styles</i>)
a. lestur texta
b. lestur orðalista, samanburður
lágmarkspara |
|--|--|

Í umfjöllun sinni um tilbrigði í framburði ber Labov oft saman dæmi um afslappaðan framburð annars vegar og vandaðan (eða varfærinn) framburð hins vegar. Hin málsniðin koma sjaldnar við sögu.⁹ Í lýsingu á framburði á /ð/ í orðum á borð við *this* og framburð á endingunni *-ing* í orðmyndum eins og *singing* í New York og Philadelphia sýnir hann til dæmis að stað- og stéttbundnu afbrigðin [d] (t.d. *dís*) og *-in* (sbr. *singin*) eru algengari í afslöppuðu málsniði en vönduðu.¹⁰ Meginhugmynd Labovs er sú að afslappaða málnotkunin komist næst því að endurspeglar heimamálið eins og áður segir.

Meðal þess sem lesa má út úr skrifum Labovs og fleiri félagsmálfræðinga um aðferðafræði framburðarrannsóknna er eftirfarandi:

- (5) a. Það er mikilvægt að gera aðstæður við framburðarrannsóknir **sem óformlegastar**. Þá eru minni líkur til þess að þátttakendur setji sig í einhverjar stellingar sem gætu gert mál þeirra óeðlilegt.
- b. Það er mikilvægt að safna efni frá málnotendum **á kerfisbundinn hátt** til þess að fá sem traustust og sambærilegust gögn.
- c. Það getur verið gagnlegt að nota **fleiri en eina aðferð** við efnissöfnun.

⁸ Eins og áður er þetta endursögn mín, ekki bein þýðing. Sjá til dæmis William Labov, *Principles of Linguistic Change 1. Internal Factors*, Oxford: Blackwell, 1994, bls. 157.

⁹ Sjá til dæmis William Labov, *Principles of Linguistic Change 2. Social Factors*, Oxford: Blackwell, 2001, kaffi 3.5.

¹⁰ William Labov, *Principles 2*, bls. 96 og 102.

Í næstu köflum snúum við okkur að íslenskum framburðarrannsóknum og athugum hvaða aðferðir hafa verið notaðar við efnissöfnun í þeim og hvers eðlis gögnin gætu verið miðað við flokkunina í (4).

2.4 Markmið RÍN og RAUN og aðferðir við efnissöfnun

Helstu markmiðum RÍN-verkefnisins hefur verið lýst á þessa leið:¹¹

- (6) a. Að kanna hvaða staðbundnu framburðareinkenni hafa sótt á og hver hafa hörfað síðan BG gerði sína rannsókn.
- b. Að komast að því hvar staðbundin framburðareinkenni haldast best.
- c. Að kanna hvort einhver ný framburðareinkenni eru að skjóta upp kollinum.
- d. Að meta hvað þróun íslenskra framburðareinkenna getur sagt okkur um það hvernig tungumál breytast. Breytir fólk framburði sínum í árunna rás eða breytist framburður einkum milli kynslóða?

Fyrstu þrjú markmiðin má kalla lýsandi en það fjórða er skýrandi því að markmiðið er þá ekki bara að lýsa þróun framburðartilbrigða í íslensku heldur að nota gögnin til að varpa ljósi á eðli málbreytinga almennt.¹²

Björn Guðfinnsson lýsir fjórum rannsóknaraðferðum sem hann telur koma til greina við framburðarrannsóknir og kallar þær *ritunaraðferð*, *spurnaraðferð*, *samtalsaðferð* og *lestraraðferð*.¹³ Hann fjallar um kosti og galla þessara aðferða og telur best að nota þær allar að einhverju marki. Það er í góðu samræmi við þá skoðun sem sett er fram í (5c) hér framar. Þau gögn úr rannsóknum hans sem oftast er vísað til eru þó fengin nánast eingöngu með lestraraðferðinni. Þar er þá mest fjallað um rannsókn hans á framburði barna (alls 3520 þátttakenda sem voru yfirleitt um 12 ára aldur) sem voru látin lesa valda texta og textarnir voru talsvert mismunandi eftir landshlutum. Um lestraraðferðina segir Björn annars að hún henti best þegar verið sé að rannsaka framburð þátttakenda sem séu á aldrinum 10–16 ára. Yngri börn séu ólíkleg til að vera nægilega vel læs og hætta sé á að fullorðnir breyti framburði sínum í lestri.¹⁴ Ingólfur Pálmason gerði seinna

¹¹ Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson, „Um málfar Vestur-Skaftfellinga,“ *Íslenskt mál* 5, 1983, bls. 81–103, hér bls. 85.

¹² Sjá umræðu um þennan greinarmun hjá Höskuldi Þráinssyni, *Skrifaðu bæði skýrt og rétt. Fræðileg skrif, ritrýni og ritstjórn*, Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskóla-útgáfan, 2015, 1. kafli.

¹³ Björn Guðfinnsson, *Mállýskur I*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1946, bls. 100 o.áfr.

¹⁴ Sama rit, bls. 134.

óformlega athugun á því hvort þátttakendur breyttu framburði sínum í lestri og taldi að það færi að nokkru leyti eftir því hvaða framburðareinkenni væri um að ræða. Yfirleitt mætti þó treysta því að framburður fullorðinna í lestri væri marktækur.¹⁵ Hér á eftir verður sagt frá nánari athugunum á því hvort svo sé og þá að hvaða marki.

Meðan lestur þátttakenda fór fram skráði Björn (og/eða aðstoðarmenn hans) helstu framburðareinkenni á sérstök spjöld. Nákvæma lýsingu á þessari aðferð og eðli spjaldanna og efnissöfnun BG almennt má lesa í doktorsritgerð Margrétar Guðmundsdóttur.¹⁶ Öll viðtöl í RÍN og RAUN voru hins vegar tekin upp á segulband og unnið úr þeim síðar. Stafræn (e. *digital*) tækni var ekki fyrir hendi þegar RÍN-efninu var safnað (á 9. áratug 20. aldar), en upptökurnar voru síðar færðar yfir í stafrænt form og eru varðveittar þannig. Upptökutækin sem notuð voru í RAUN (um og upp úr 2010) voru stafræn.

BG og/eða aðstoðarmenn hans fóru um nánast allt land í efnissöfnunarferðum sínum. Í RÍN-rannsókninni var líka farið um allt land til að safna efni, en ólíkt rannsókn BG var rætt við fólk „á öllum aldri“ (sjá (7b) hér á eftir). Í RAUN-rannsókninni var rætt við fólk sem hafði tekið þátt í RÍN-rannsókninni og/eða rannsókn BG.

Þau markmið sem talin voru í (6) réðu auðvitað mestu um það hvernig efninu var safnað í RÍN og RAUN, en auk þess var höfð hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem dregin eru saman í (5). Aðeins var rætt við fólk sem hafði alist upp á því svæði sem var til skoðunar hverju sinni. Athuganir á áhrifum búferlaflutninga voru skoðaðar í sérathugunum.¹⁷ Efnissöfnuninni má lýsa á þessa leið:

- (7) a. Til þess að fá gögn sem væru sem sambærilegust við gögn BG voru þátttakendur látnir lesa texta sem voru svipaðir þeim sem hann notaði (lestraraðferð), farið um allt land til að safna þátttakendum og rætt við þá augliti til auglitis (alls um 2900 þátttakendur).
- b. Til þess að skoða þróun framburðartilbrigðanna var annars vegar reynt að ná til málnotenda sem höfðu tekið þátt í rannsókn BG á

¹⁵ Ingólfur Pálmason, „Athugun á framburði nokkurra Örefinga, Suðursveitunga og Hornfirðinga“, *Íslenskt mál* 5, 1983, bls. 29–51, hér bls. 31–33.

¹⁶ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsevi. 70 ára þróun tilbrigða í framburði – einstaklingar og samfélag*, Reykjavík: Doktorsritgerð við Háskóla Íslands, 2022, bls. 102 o.áfr. Aðferðum BG er líka lýst í stuttu og skýru máli hjá Guðvarði Má Gunnlaugssyni, „Íslenskar mállýskurannsóknir. Yfirlit“, *Íslenskt mál* 9, 1987, bls. 163–174, hér bls. 170–171.

¹⁷ Sjá til dæmis Guðvarð Má Gunnlaugsson, *Skaftfellski einhljóðaframburðurinn. Varðveisla og breytingar*, BA-ritgerð, Háskóla Íslands, 1983 og Margréti Láru Höskuldsdóttur, „Breytingar á norðlenskum framburði 1940–2011 og áhrif búferlaflutninga“, *Íslenskt mál* 35, 2013, bls. 129–152.

sínum tíma og hins vegar reynt að tryggja að þátttakendur kæmu úr öllum aldurshópum.

- c. Til þess að draga úr hugsanlegum áhrifum aðstæðna á framburð þátttakenda hófust öll viðtöl á því að rætt var við þátttakendur um bakgrunn þeirra, til dæmis hvar þeir hefðu dvalist, við hvað þeir hefðu starfað, hvar þeir hefðu gengið í skóla og svo framvegis, þótt lítið færi auðvitað fyrir þessum þætti þegar unglingar áttu í hlut. Síðan voru þátttakendum sýndar myndir af ýmsum hlutum og þeir beðnir að segja hvað þeir myndu kalla þá (nokkurs konar samtalsaðferð). Þar var meðal annars um að ræða myndir af hlutum sem ganga undir mismunandi nöfnum eftir landshlutum, en meirihluti myndanna átti hins vegar að kalla fram orð sem gæfu upplýsingar um tiltekin framburðareinkenni.

Rétt eins og lestraraðferðin átti myndalistaaðferðin að tryggja að þau gögn sem fást frá þátttakendum séu sem sambærilegust og gefi sem ítarlegastar upplýsingar um öll þau framburðareinkenni sem eru talin skipta máli. Frjálst tal tryggir þetta auðvitað ekki.

Þátttakendum í RÍN var skipt í fimm aldurshópa. Sá yngsti var innan við tvítugt og þannig sambærilegur í aldri við þann hóp sem BG kannaði mest. Elsti hópurinn var yfir sjötugt. Þátttakendur sem voru á aldrinum 46–55 ára þegar RÍN-rannsóknin var gerð tilheyrðu þeirri kynslóð sem rannsókn BG tók til.¹⁸ Sumir þeirra höfðu áður tekið þátt í rannsókn BG (sjá (7b)) og þessi hópur gaf því kost á að skoða dæmi um svokallaðar *málbreytingar í rauntíma* (e. *real time change*). Breytilegur aldur þátttakenda átti að kalla fram hugsanleg merki um kynslóðabundinn mun, eða það sem er stundum kallað *málbreytingar í sýndartíma* (e. *change in apparent time*).¹⁹

Oftast voru tveir rannsakendur saman í efnissöfnunarferðunum í RÍN og RAUN. Stjórnendur RÍN-verkefnisins, háskólakennararnir Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, tóku oft þátt í efnissöfnun með nemendum sínum í RÍN en í RAUN sáu háskólanemar nánast alveg um efnissöfnunina.

Þegar verkefnið var kynnt fyrir þátttakendum var jafnan lögð áhersla á myndalistann og sagt að í viðtalinu yrðu sýndar myndir af hlutum sem fólk kallaði ýmsum nöfnum. Þess vegna voru slíkar myndir þar í forgrunni, svo sem

¹⁸ Sjá til dæmis yfirlit hjá Kristjáni Árnasyni, *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*, meðhöfundur Jörgen Pind, *Íslensk tunga I*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2005, bls. 367 o.áfr.

¹⁹ Sjá umfjöllun Margrétar Guðmundsdóttur í *Mál á mannsævi*, bls. 84 o.áfr.

mynd af *fötu* (líka kölluð *spanda/skjóla* ...) og mynd af *bjúga* (líka kallað *sperðill/langi/grjúpan* ...). Þannig var reynt að beina athyglinni að landshlutabundnum eða kynslóðabundnum mun í orðaforða og þá um leið frá framburði. Inn á milli voru líka myndir til uppfyllingar í svipuðum tilgangi, svo sem myndir af *myllu*, *kerru* og *trommu*, en þær gátu líka stundum stuðlað að afslappaðri umræðu. Meðal mynda sem áttu að kalla fram nöfn sem gæfu upplýsingar um tilbrigði í framburði voru til dæmis *bátur* (harðmæli), *stelpa* (raddaður framburður), *kringla* (ngl-framburður), *bangsi* (vestfirskur einhljóðaframburður), *hvalur* (hv-framburður), *bogi* (skaftfellskur einhljóðaframburður), *þjöl* (flámæli) og svo framvegis. Markmiðið með myndalistanum var sem sé að komast eins nálægt tiltölulega afslöppuðu heimamáli málnotandans og hægt væri (sjá (1b) hér frammar) þótt viðtölin væru um leið kerfisbundin og ekki alfrjáls.

Þegar þátttakendur höfðu farið í gegnum myndalistann með rannsakand-anum var þeim þakkað fyrir og síðan sagt eitthvað á þessa leið: „Ertu ekki til í að lesa héra fyrir mig í lokin stuttan texta?“ Þannig var reynt að gera lesturinn ekki að neinu aðalatriði og flestir þátttakendur tóku vel í það að lesa. Byrjað var á stuttum yfirlitstexta um *Bjarna blaðasala* sem átti að kalla fram dæmi um sem flest framburðatriði sem máli skiptu. Allir þátttakendur lásu þennan texta. Sá lestur gaf síðan vísbendingar um það hvort ástæða þætti til að þátttakandinn læsi einhvern af sértextunum til þess að hægt væri að skoða tiltekin framburðareinkenni nánar, en það var yfirleitt alltaf gert á kjarnasvæðum staðbundinna framburðareinkenna. Þá var kannski sagt eitthvað á þessa leið: „Heyrðu, þetta gekk fínt. Lestu oft upphátt? Viltu kannski lesa fyrir mig annan texta?“ og svo kom viðeigandi sértexti, svo sem *Moli lítli* (áhersla á vestfirsk framburðareinkenni), *Norðurlandsmót* (áhersla á norðlensk framburðareinkenni), *Veidiferðin* (áhersla á austfirsk framburðareinkenni), *Árni í Vogu* (áhersla á skaftfellskur framburðareinkenni), *Sig-hvatur í Hvammi* (áhersla á hv-framburð). Allir þessir textar voru *sögutextar*, það er sögðu samfellda sögu ólíkt þeim *dæmatextum* sem BG notaði stundum.

Eins og sjá má af þessari lýsingu var talsverð áhersla lögð á það í RÍN (og RAUN) að fá þátttakendur til að hugsa ekki of mikið um framburð sinn og draga athyglina frekar að einhverju öðru. Með því móti var reynt að nálgast afslappaðan framburð og afslappaða heimamálið í skilningi Labovs. Spurningin er þá meðal annars sú að hvaða marki það hefur tekist. Við komum að því síðar.

Hljóðfræðileg greining á framburðargögnunum í RÍN og RAUN fór þannig fram að fyrst hlustaði einn rannsóknamaður á upptökurnar (yfirlétt BA- eða MA-nemandi í íslensku eða almennum málvísindum), gaf framburðinum „einkunn“ eftir því hvort staðbundni framburðurinn var notaður eða ekki og færði einkunnina inn á sérstakt eyðublað þar sem voru reitir fyrir hvert dæmaorð.

Síðan fór annar rannsóknamaður yfir greininguna og leiðrétti ef ástæða þótti til. Í RAUN-úrvinnslunni fór þriðji rannsóknamaður yfir þau atriði sem hinir fyrri höfðu ekki verið sammála um og skar úr.

2.5 Munur á aðferðum RÍN og RAUN annars vegar og SVID hins vegar

Markmið SVID voru ekki að öllu leyti hin sömu og markmið RÍN og RAUN. Markmiðum SVID má lýsa á þessa leið:²⁰

- (8) a. Að kanna hvernig einstaklingar breyta eða viðhalda framburði sínum á lífstíð sinni.
- b. Að kanna hversu stóru hlutverki meðvituð og ómeðvituð viðhorf til máls gegna þegar kemur að því að útskýra slíkar málbreytingar í rauntíma.

Fyrri markmiðið er augljóslega hið sama og í RAUN (og að nokkru leyti í RÍN) en það síðara kom hvorki við sögu í RÍN né RAUN. Efnissöfnunin í SVID fór fram eins og hér er lýst:²¹

- (9) a. Efninu var að langmestu leyti safnað gegnum netið (sjá þó (9f)). Reynt var að safna efni frá þrem jafnstórum hópum. Einn hópurinn var unglingar (12–20 ára), valdir af handahófi, annar var hópur sem hafði áður tekið þátt í RÍN og sá þriðji var handahófsúrtak úr Þjóðskrá (12 ára og eldri). 960 nothæf svör fengust úr netkönnuninni.
- b. Allir þátttakendur tóku þátt í framburðarprófi sem fólst í því að lesa sérvalda texta, annars vegar texta sem allir lásu og hins vegar lásu þátttakendur á Norðurlandi, Suður- og Suðausturlandi og Vestfjörðum texta sem voru samdir með tiltekin svæðisbundin framburðareinkenni í huga. Þessir textar voru að mestu samhljóða samsvarandi textum sem voru notaðir í RÍN (og RAUN).

²⁰ Ásgrímur Angantýsson, Finnur Friðriksson, Stefanie Bade, Eva Hrund Sigurjónsdóttir, Ása Bergný Tómasdóttir og Kristín Margrét Jóhannsdóttir, „Norðlensk og sunnlensk framburðareinkenni og viðhorf fólks til þeirra“, *Íslenskt mál* 46–47, 2026, bls. 19–64, hér bls. 19–20.

²¹ Finnur Friðriksson, Ásgrímur Angantýsson og Stefanie Bade, „Icelandic Regional Pronunciation, Attitudes and Real-time Change. Latest Developments“, *Sociolinguistica* 38: 2/2024, bls. 261–290, hér bls. 269–270; Ásgrímur Angantýsson o.fl., „Norðlensk og sunnlensk framburðareinkenni“, bls. 8–10.

- c. Þátttakendur tóku sjálfir upp eigin lestur og sendu upptökurnar í gegnum netið til umsjónarmanna verkefnisins.
- d. Svokölluð *hulinspróf* (e. *verbal guises*) voru lögð fyrir alla þátttakendur. Þar voru þeir beðnir að hlusta á upptökur af svæðisbundnum framburði frá öðrum svæðum en sínu heimasvæði og svara síðan spurningum um lesarann og lesturinn. Með því móti átti að finna ómeðvituð viðhorf þátttakenda til mismunandi framburðareinkenna.
- e. Eftir að hafa lokið þeim þáttum könnunarinnar sem hér var lýst voru þátttakendur beðnir um að svara spurningakönnun sem átti að leiða í ljós meðvituð viðhorf þeirra og skoðun á eigin framburðareinkennum.
- f. Í framhaldi af netkönnuninni voru tekin viðtöl (svonefnd djúpviðtöl) við 160 einstaklinga, þar af 23 staðviðtöl við BG-fólkið og 137 viðtöl við aðra þátttakendur gegnum fjarfundabúnað. Markmiðið var að fá frekari upplýsingar um viðhorf þátttakenda til eigin framburðar og annarra.

Aðalmunurinn á eðli efnissöfnunarinnar í SVIÐ og þeirri efnissöfnun sem fór fram í RÍN og RAUN er þessi:

- (10) a. SVIÐ var að langmestu leyti netkönnun, RÍN og RAUN ekki.
- b. Enginn myndalisti var notaður í SVIÐ, enda frekar örðugt að koma því við í netkönnun.
- c. Þátttakendur í SVIÐ tóku sjálfir upp eigin lestur og vissu að ætlunin var að nota upptökurnar til að kanna framburð.
- d. Djúpviðtölin snerust yfirleitt ekki um einstök orð eða heiti á hlutum eins og viðtölin um myndalistann í RÍN og RAUN. Að því leyti voru þau ekki eins kerfisbundin.

Þessi munur á aðferðunum gæti skipt máli fyrir samanburð þeirra gagna sem aflað var:

- (11) a. Það er dálítið erfitt að meta fyrirfram hvort ætla má að það hafi meiri eða minni áhrif á framburð málfarfanna að SVIÐ-könnunin var að langmestu leyti gerð á netinu í stað þess að málfarinn og rannsakandinn sætu augliti til auglitis eins og í RÍN og RAUN.

- b. Sú staðreynd að enginn myndalisti var notaður í SVIÐ kom í veg fyrir að í þeirri könnun væri hægt að draga athyglina frá framburði með því að ræða um staðbundinn eða kynslóðabundinn mun á orðfæri eins og oft var reynt að gera í RÍN og RAUN.
- c. Lesturinn varð meira aðalatriði í SVIÐ en í RÍN og RAUN. Það gæti hafa leitt til þess að málhafar vönduðu sig meira við lesturinn í SVIÐ og hann gæti þá hafa fjarlægst afslappaða heimamálið meira.
- d. Djúpvíðtölin í SVIÐ gætu aftur á móti hafa orðið afslappaðri og óformlegri en myndalistavíðtölin í RÍN og RAUN sem snerst fyrst og fremst um að nefna einstakar myndir (nema þegar hægt var að snúa þeim upp í umræður um staðbundinn orðaforða). Ef það er rétt, gætu djúpvíðtölin í SVIÐ staðið nær afslöppuðu heimamáli en myndalistagögnin úr RÍN og RAUN.
- e. Í djúpvíðtölunum var ekki hægt að tryggja að sambærileg gögn kæmu frá öllum málhöfum á sama hátt og hægt var að gera með umræðum um myndalistann.

Sá munur á efnissöfnunaraðferðum í RÍN, RAUN og SVIÐ sem nú hefur verið greint frá gæti haft þær afleiðingar sem hér er lýst:

- (12) a. Í RÍN og RAUN var reynt að draga athyglina frá framburði einstakra orða þegar rétt var um myndalistann þótt hann snerist óhjákvæmilega um einstök orð. Í þessum rannsóknum var líka reynt að gera tiltölulega lítið úr mikilvægi lestrarins með því að láta hann koma síðast sem nokkurs konar aukagetu. Í báðum tilvikum var stefnt að því að framburðurinn nálgast afslappað heimamál. Ef það markmið hefur náðst ætti að vera tiltölulega lítill munur á tíðni staðbundinna framburðareinkenna í myndalistagögnunum og lestrargögnunum.
- b. Í SVIÐ var lesturinn í brennidepli í upphafi könnunar og ekki gerð nein tilraun til að dylja þá staðreynd að með honum var verið að afla gagna um framburð. Þess vegna er frekar ólíklegt að lesturinn í SVIÐ sýni dæmi um afslappað heimamál. Djúpvíðtölin ættu aftur á móti að geta nálgast afslappað heimamál meira en lesturinn og jafnvel meira en myndalistavíðtölin í RÍN og RAUN því að djúpvíðtölin voru ekki eins skipulega orðmiðuð. Þess vegna gæti vel komið fram nokkur munur á tíðni

staðbundinna framburðareinkenna í djúpvíðtalogögnunum og lestrargögnunum úr SVIÐ.

- c. Erfiðara er að bera saman málgögn einstakra hópa úr djúpvíðtölunum en málgögnin úr myndalistavíðtölunum vegna þess að markorðin (það er þau orð sem gefa upplýsingar um tíðni viðkomandi framburðareinkennis) í djúpvíðtölunum geta verið mjög mismörg eftir einstaklingum og eftir því hvaða framburðareinkenni er verið að skoða.

2.6 Sérstaða íslenskra framburðarrannsókna

Þótt samanburður íslenskra framburðarrannsókna við hliðstæðar rannsóknir í öðrum löndum sé ekki meginefni þessarar greinar er gagnlegt að ljúka þessum kafla með því að benda á nokkur atriði:

- (13) a. Lestraraðferðin virðist mun algengari í íslenskum framburðarránsóknum en annars staðar. Í öðrum löndum hefur jafnan verið meiri áhersla á því að safna efni í gegnum tiltölulega frjálst tal.
- b. Skipuleg notkun mynda til að kalla fram tiltekin framburðareinkenni, eins og gert var í RÍN og RAUN, er yfirleitt ekki nefnd til sögunnar í lýsingum á efnissöfnun í erlendum framburðarránsóknum.
- c. Í úrvinnslu á íslenskum framburðargögnum er mjög algengt að reikna „vægi“ tiltekins framburðareinkennis í prósentum: Hversu oft kom þetta einkenni fyrir í þeim dæmaorðum sem buðu upp á það – það er í öllum tilvikum (100%), bara helmingi tilvika (50%) og svo framvegis?

Björn Guðfinnsson var auðvitað frumkvöðull í því að nota lestraraðferðina í íslenskum framburðarránsóknum og reyndar líka í því að reyna að meta hlutfallslegan „styrkleika“ eða tíðni einstakra framburðareinkenna á ólíkum svæðum.²² Fordæmi hans kallaði að nokkru leyti á það að haldið væri áfram á svipaðri braut að einhverju leyti til þess að auðvelda samanburð. Í RÍN, RAUN og SVIÐ var þó ekki eingöngu treyst á lestraraðferðina heldur reynt að fá traustari gögn með því að beita fleiri aðferðum, sbr. notkun myndalistans í RÍN og RAUN og djúpvíðtölin í SVIÐ, en djúpvíðtölin eru líkari dæmigerðum félagsmálfræðilegum

²² Gagnrýna lýsingu á aðferðum BG má lesa hjá Hreini Benediktssyni, „Icelandic Dialectology. Methods and Results“, *Íslensk tunga - Lingua Islandica* 3, 1961–1963, bls. 72–113.

viðtölum sem eru algengasta efnissöfnunaraðferðin víðast hvar (e. *sociolinguistic interview*). Sú staðreynd að á Íslandi er sjaldgæft að tiltekið framburðareinkenni sé alls ráðandi á ákveðnu svæði eða hjá einhverjum hóp málnotenda gerir útreikninga í prósentum áhugaverða og jafnvel nauðsynlega.

Vegna þess hversu ríkjandi lestraraðferðin hefur verið í íslenskum framburðarrannsóknum er mikilvægt að reyna að kanna hvort hún gefur nægilega traustar upplýsingar. Í næsta kafla verður þess vegna sagt frá rannsóknum á því að hvaða marki ólíkar aðferðir við efnissöfnun geta áhrif á tíðni staðbundinna framburðareinkenna. Rúmsins vegna verður látið nægja að segja frá rannsóknum á vestfirskum framburði og norðlenskum. Fyrst er rýnt í gögn úr RÍN og RAUN og síðan sagt frá athugun á gögnum úr SVÍÐ til samanburðar.

3. Hvaða áhrif hafa ólíkar efnissöfnunaraðferðir á tíðni framburðarabrigða?

3.1 Vestfirskur framburður - lestexti og myndalisti í RÍN


Í yfirlitsskýrslu Höskuldur Þráníssonar og Kristjáns Árnasonar um tíðni einstakra framburðareinkenna í RÍN kemur fram að á níunda áratug síðustu aldar var einhljóðaframburður á *ö-ng/nk* algengari á Vestfjörðum en einhljóðaframburður á *a-ng/nk*.²³ Þessu hafði verið öfugt farið í rannsókn BG.²⁴ Daníel Þór Heimisson komst hins vegar að því að tíðni *a-ng/nk*-framburðarins hjá RÍN-þátttakendum var mismikil eftir því hvort gögnunum var safnað með myndalista eða lestexta (málhafarnir voru alls 188, 96 karlar og 92 konur).²⁵ Þetta kemur meðal annars fram á eftirfarandi mynd sem er sniðin eftir mynd 12 í ritgerð Daníels Þórs.²⁶ Þar vísa skammstafanirnar NÍs og VÍs til Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu. *Moli litli* er nafn á lestexta sem var notaður á Vestfjörðum í RÍN.

²³ Höskuldur Þránísson og Kristján Árnason, *RÍN - Niðurstöður* [Árni Kristjánsson tók saman], fjölrituð skýrsla, án árs.

²⁴ Björn Guðfinnsson, *Um íslenzkan framburð. Mállyzkar II*, Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson unnu úr gögnum höfundar og bjuggu til prentunar, Reykjavík: Heimspeki-deild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1964, bls. 127–130.

²⁵ Daníel Þór Heimisson, *Í lestri er hann [lanþvkr] og ber en í tali frekar [straunþvkr] og þver. Um vestfirskan einhljóðaframburð*, BA-ritgerð, Reykjavík: Háskóla Íslands, 2019, bls. 41.


²⁶ Sama rit, bls. 42.



Mynd 1: Tíðni vestfirskis einhljóðaframburðar á 9. tug 20. aldar.

Hlutfallstölurnar hér sýna hlutfall dæma um einhljóðaframburðinn í þeim tilvikum þar sem hann kom til greina. Eins og myndin sýnir var einhljóðaframburðurinn á *a-ng/nk* næstum tvöfalt algengari þegar textinn *Moli litli* var lesinn en þegar þátttakendum voru sýndar myndir til að nefna. Í *Mola litla* eru nokkuð mörg orð sem gætu kallað á einhljóðaframburðinn en þau eru mun færri í myndalistanum. Samsvarandi munur kom ekki fram fyrir *ö-ng/nk*-sambandið – og reyndar var einhljóðaframburðurinn á *ö-ng/nk*-sambandinu frekar sjaldgæfari í lestextanum. Munurinn á tíðninni var tölfraðilega marktækur þegar *a-ng/nk*-sambandið átti í hlut en ekki fyrir *ö-ng/nk*-sambandið.²⁷

Í framhaldi af þessu skoðaði Daníel Þór hvort þessi munur á tíðni einhljóðaframburðarins fyrir myndalistann og lestextann um *Mola litla* væri mismunandi eftir því hvort málhafarnir væru karlar eða konur. Í ljós kom að það skipti máli eins og sjá má á mynd 2 sem er sniðin eftir mynd 13 í ritgerð Daníels Þórs:²⁸



Mynd 2: Tíðni vestfirskis einhljóðaframburðar á 9. tug 20. aldar hjá körlum og konum.

²⁷ Sama rit, bls. 43.

²⁸ Sama rit, bls. 44.

Sá munur sem hér er lýst kallar á skýringar. Í leit að þeim bendir Daníel Þór meðal annars á að munurinn á tíðni einhljóðaframburðar á *a-ng/nk* í lestri og þegar myndunum er lýst kemur ekki fram hjá öllum aldurshópum. Nánar til tekið er hann mestur þegar eldri karlar eiga í hlut, síðan hjá eldri konum og þar á eftir hjá yngri körlum.²⁹ Hjá yngri konum er munurinn hins vegar nánast enginn.³⁰ Þær skýringar sem Daníel Þór nefnir eru einkum þessar (blaðsíðutöl vísa hér til þeirra staða í ritgerð Daníels Þórs þar sem hann ræðir þetta helst):

- (14) a. Fólki tekur frekar eftir einhljóðaframburðinum á *a-ng/nk* en *ö-ng/nk*. Þess vegna er líklegt að viðhorf til vestfirskis einhljóðaframburðar, jákvæð eða neikvæð, hafi meiri áhrif á *a-ng/nk*-framburðinn og þróun hans (bls. 37, 39).
- b. Ýmislegt bendir til þess að viðhorf til vestfirskis einhljóðaframburðar séu jákvæðari nú en þau voru um miðja síðustu öld (bls. 38).
- c. Vestfirskir karlar virðast hafa jákvæðari viðhorf til einhljóðaframburðarins en konur (bls. 39).

Ýmsir hafa bent á þá staðreynd að einhljóðaframburðurinn á *a-ng/nk* er greinilegri en einhljóðaframburðurinn á *ö-ng/nk*. Þekktur vitnisburður um það er vísan sem á að lýsa vestfirskum framburði: *Það er langur gangur/fyrir svanga Manga/ad bera þang í fangi/fram á langa tanga*. Þar kemur *ö-ng/nk* ekkert við sögu.

Daníel Þór vísar meðal annars til skrifna Margrétar Guðmundsdóttur um viðhorf til vestfirskunnar. Í doktorsritgerð sinni birtir hún tölur úr könnun á viðhorfum til ýmissa framburðareinkenna.³¹ Þar kemur meðal annars fram að vestfirskur einhljóðaframburður þykir almennt ekkert sérstaklega fallegur (aðeins 7% svarenda töldu hann fallegasta framburðinn) en þó þykir Vestfirðingum sjálfum hann fallegur (45% vestfirska svarenda töldu hann fallegastan). Þegar staðbundinn framburður var borinn saman við óstaðbundinn framburð (til dæmis vestfirskur einhljóðaframburður saman við tvíhljóðaframburð) voru þeir frekar fáir sem töldu vestfirska framburðinn fallegri (rúm 14%).

Þóra Björk Hjartardóttir gerði athugun á viðhorfum 30 Vestfirðinga sem höfðu tekið þátt í RÍN til vestfirskis framburðar.³² 13 karlar af 16 höfðu jákvæð

²⁹ Skipting Daníels Þórs í eldri og yngri hóp miðaðist við 45 ára aldur: Í eldri hópnum voru þá þeir sem höfðu náð 45 ára aldri þegar efninu var safnað, sjá Daníel Þór Heimisson, *Um vestfirskan*, bls. 46.

³⁰ Sama rit, bls. 48.

³¹ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*, bls. 129–130.

³² Þóra Björk Hjartardóttir, „Framburður, viðhorf og kynferði“, *Íslenskar kvennarannsóknir*, ritstjórar Helga Kress og Rannveig Traustadóttir, Reykjavík: Rannsóknarstofa í kvenna-

viðhorf til framburðarins en aðeins fimm konur af 14. Ályktun hennar er sú að vestfirski framburðurinn á *a-ng/nk* sé orðinn nokkurs konar tákn um uppruna og samsömun við heimahéraðið. Þetta á hins vegar ekki við um *ö-ng/nk*-framburðinn, enda tekur fólk síður eða ekki eftir honum.³³

Það sem hér hefur verið rakið er athyglisvert frá fræðilegu sjónarmiði. Sú staðreynd að (fullorðnir) karlar virðast nota staðbundna framburðinn meira en konur rímar ágætlega við algengar hugmyndir um það að karlar séu almennt líklegri en konur til að halda í heimaframburð sinn og konur líklegri til að taka upp nýjungar í framburði.³⁴ Labov hefur til dæmis lýst þessu þannig:³⁵

- (15) a. Þegar breytileiki er stöðugur nota konur frekar en karlar það afbrigði sem tilheyrir staðalmálinu.
- b. Konur kjósa frekar en karlar virt afbrigði sem berast að ofan og leiða þannig slíkar breytingar.
- c. Konur eru oftast en ekki brautryðjendur þegar um er að ræða breytingar neðan frá.

Með „breytingum ofan frá“ (e. *change from above*) á Labov við breytingar í átt að málsniði sem nýtur viðurkenningar (eins og staðalmál þar sem því er að skipta) en „breytingar neðan frá“ (e. *change from below*) eru þá breytingar sem kvikna innan viðkomandi málsamfélags. Samkvæmt þessu ættu konur yfirleitt að vera í fararbroddi í öllum málbreytingum, enda hefur Labov orðað það svo annars staðar.³⁶

Nú var vestfirski einhljóðaframburðurinn á greinilegu undanhaldi þegar RÍN-rannsóknin var gerð. Þetta kemur fram í skýrslu sem Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason létu gera³⁷ og Daniel Þór lýsir þessu ágætlega.³⁸ Þetta má

fræðum, Háskóla Íslands, 1997, bls. 67–77.

³³ Daniel Þór Heimisson, *Um vestfirskan*, bls. 39.

³⁴ Hér má geta þess til fróðleiks að Guðvarður Már Gunnlaugsson komst að því að brottfluttar vesturskaftfellskar konur lögðu skaftfellska einhljóðaframburðinn frekar niður en brottfluttir vesturskaftfellskir karlar, sjá grein hans „Tölfræðileg málvísindi (eða málfræðileg tölvísindi)“, *Íslenskt mál* 6, 1984, bls. 177–181, hér bls. 179–180.

³⁵ Þetta orðalag er tekið úr doktorsritgerð Margrétar Guðmundsdóttur, *Mál á mannsevi*, bls. 45, en hún hefur þetta eftir William Labov, „The Intersection of Sex and Social Class in the Course of Linguistic Change“, *Language Variation and Change* 2, 1990, bls. 205–254, hér bls. 210, 213 og 215.

³⁶ Hann segir til dæmis eftirfarandi í *Principles 2*, bls. 501: „Any theory of the causes of change must deal with the general finding that in the good majority of linguistic changes, women are a full generation ahead of men.“

³⁷ Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason, *RÍN - Niðurstöður*.

³⁸ Daniel Þór Heimisson, *Um vestfirskan*, bls. 22–25.

bæði sjá með samanburði við gögn frá BG og með samanburði á tíðni fram-
burðarins í ólíkum aldursflokkum. Í rannsókn BG höfðu þannig tæp 36% þátt-
takenda (barnanna) í Norður-Ísafjarðarsýslu alveg hreinan einhljóðaframburð
(fyrir *a-ng/nk*, *ö-ng/nk* og *e-ng/nk*) og tæp 22% í Vestur-Ísafjarðarsýslu.³⁹ Í RÍN-
rannsókninni var einhljóðaframburðurinn sjaldgæfastur hjá yngstu kynslóðinni
og algengari hjá þeim eldri (málbreyting í sýndartíma).⁴⁰ Allt er þetta eins og við
mátti búast þar sem um staðbundinn minnihlutaframburð er að ræða. Hann er
á undanhaldi, einkum hjá konum og ungu fólki.

Það sem hér var rakið skýrir þó ekki af hverju sumir málnotendur (einkum
eldri karlar) nota einhljóðaframburðinn á *a-ng/nk* meira í lestri en í viðtölum
um myndalistann, sbr. mynd 2. Daníel Þór heldur því fram að skýringin sé sú
að myndalistinn kalli fram „eðlilegan og afslappaðan framburð“ en í lestrinum
séu karlarnir að „ýkjá“ þann framburð sem þeir hafa jákvæða afstöðu til (sbr.
áður nefnda niðurstöðu Þóru Bjarkar Hjartardóttur). Konur geri það hins vegar
ekki eða síður, enda hafi þær ekki eins jákvæða afstöðu til framburðarins. Þetta
hljómar sennilega í sjálfu sér, þótt það orki dálítið tvímælis að tala um „ýktan“
framburð í þessu sambandi. Það gefur í skyn að karlarnir séu viljandi eða með-
vitað að gera þetta en svo þarf ekki að vera. Við skoðum það nánar síðar. En
fyrst er rétt að benda á eftirfarandi ráðgátu:

- (16) Heimamálið (e. *vernacular*) er samkvæmt skilgreiningu Labovs
það mál eða málsnið sem málnotandinn **tileinkar sér á mál-
tökuskeiði** (sjá (3a) hér framar). Nú er líklegt að einhljóðafram-
burðurinn á *a-ng/nk* sé sá framburður sem ýmsir eldri karlmenn
ólust upp við. Samkvæmt Labov ætti hann þá að vera hluti af
heimamáli þeirra. Í erlendum rannsóknum kemur heimamálið
hins vegar helst fram **í afslappaðri málnotkun** og einmitt ekki
í lestri (sjá umræðu í framhaldi af (4) hér framar). Af hverju er
einhljóðaframburðurinn á *a-ng/nk* þá algengastur í **lestri** hjá
málnotendum sem ætla má að hafi að einhverju leyti alist upp
við hann?

³⁹ Hjá Birni Guðfinnssyni í *Mállyzkum II*, bls. 127–130, er reyndar bent á að blandaður
framburður hafi verið algengari hjá fullorðnum en hjá börnunum. Það liggur ekki í
augum uppi hvernig á að skýra þetta. Að vísu voru nokkrir hinna fullorðnu aðfluttir eða
höfðu dvalist utan Vestfjarða en það á ekki við um alla. En yfirlasari bendir á að kannski
sé þarna verið að vísa til framburðar fullorðinna í tali.

⁴⁰ Daníel Þór Heimisson, *Um vestfirskan*, bls. 24.

Skýring Daníels Þórs er sennileg, það er að vestfirskir karlar séu líklegri til að nota staðbundna framburðinn af því að þeir séu stoltir af honum og líti á hann sem hluta af sjálfsmýnd sinni. Það á hins vegar yfirleitt ekki við um þau staðbundnu og félagsbundnu framburðareinkenni sem Labov segir mest frá í sínum skrifum. Þau eru oftast en ekki frábrugðin einhvers konar staðalmáli og þess vegna reyna málnotendur að forðast þau þegar þeir vanda mál sitt (sjá dæmin um framburðinn *dis* og *-in* sem nefnd eru á eftir flokkun málsniða í (4) hér frammar). Þetta á mun síður við á Íslandi þar sem yfirleitt er ekki (eða ekki lengur) litið niður á staðbundin framburðareinkenni nema þá þegar flámæli átti í hlut.

Við skulum nú skoða tíðni norðlenskra framburðareinkenna á svipaðan hátt og Daníel Þór skoðaði vestfirsku framburðareinkennin og hafa þessar vanga-veltur í huga.

3.2 Norðlenskur framburður – lestexti og myndalisti í RAUN

Rannsóknir síðustu áratuga hafa sýnt að svonefnt *harðmæli* (fráblásin lokhljóð á eftir löngu sérhljóði í orðum eins og *pípa*, *fata*, *lykill*) hefur haldið sér nokkuð vel á Norðurlandi en raddaði framburðurinn (til dæmis rödduð *l*, *m*, *n* á undan lokhljóðum í orðum eins og *úlpa*, *mjólk*, *hempa*, *svunta*) látið mjög undan síga. Ástæðan er væntanlega samspil ýmissa þátta eins og ítarlegast er rakið í doktorsritgerð Margrétar Guðmundsdóttur⁴¹ og í yfirlitsgrein um niðurstöður úr SVIÐ um norðlensk og sunnlensk framburðareinkenni.⁴² Í ritgerð Margrétar kemur til dæmis fram að ungmenni á Eyjafjarðarsvæðinu notuðu harðmæli í talsverðum mæli í rannsókn sem var gerð árið 2015 (í kringum 40% tilvika) en raddaður framburður var þá nánast horfinn hjá þeim aldurshópi (aðeins notaður í um það bil 2–4% tilvika).⁴³ Í rannsókn Margrétar kom líka fram að meira dró úr rödduðum framburði hjá fullorðnum karlmönnum en konum á því nálega 30 ára tímabili sem leið á milli efnissöfnunar fyrir RÍN og RAUN (frá 1980+ til 2010+). Í RAUN var raddaður framburður því orðinn algengari hjá konum en körlum en þannig hafði það ekki verið áður. Í þeim aldurshópi sem Margrét kallar RÍN-kynslóðina (fólk fætt á árunum 1945–1960) var þessi munur kynjanna tölfræðilega marktækur.

Með hliðsjón af því sem áður kom fram um þróun vestfirskis einhljóðaframburðar og viðhorf til hans er forvitnilegt að skoða viðhorf til þessara norðlensku framburðareinkenna, bæði meðvituð og ómeðvituð. Ýmsar rannsóknir hafa ver-

⁴¹ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*.

⁴² Ásgrímur Angantýsson o.fl., „Norðlensk og sunnlensk framburðareinkenni“, bls. 35–40.

⁴³ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*, bls. 230, 286 og 288.

ið gerðar á þeim á undanförunum áratugum, einkum rannsókn Guðrúnar Karlsdóttur 1989, Hermínu Gunnþórsdóttur 1991 og Kristínar Ingibjargar Hlynsdóttur 2016.⁴⁴ Þeirra er allra getið í rannsókn Margrétar Guðmundsdóttur, en helstu niðurstöður athugana sem voru hluti af rannsókn Margrétar má draga saman á þessa leið (vísað er í blaðsíðutal í ritgerð Margrétar):⁴⁵

- (17) a. Í könnun sem var hluti af Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar var spurt hvar á landinu framburður væri fallegastur. Þá nefndu flestir „norðlenskan framburð“ eða 52% allra þátttakenda í könnuninni (þeir voru alls 1055). Norðlenski framburðurinn hlaut flest „atkvæði“ hjá íbúum allra landshluta nema Vestfirðinga. Þeir töldu vestfirska framburðinn fallegastan (45% þeirra töldu það, bls. 129). Þeir sem voru vissastir um fegurð norðlenska framburðarins voru Norðlendingar sjálfir. Á Norðurlandi vestra töldu 83% hann fallegastan og á Norðurlandi eystra 96%.
- b. Í netkönnun sem Margrét stýrði voru þátttakendur látnir bera ýmis staðbundin framburðareinkenni saman við „hlutlausari“ framburð. Í upptökunni var kona látin segja að sér þætti eitt afbrigði „fallegra eða hljóma betur“ en annað. Þar skar harðmæli sig algjörlega úr. Rúm 67% þátttakenda voru sammála konunni um að það væri fallegra eða hljómaði betur en linnmæli en í öllum öðrum tilvikum voru þátttakendur ósammála konunni þegar hún sagði að staðbundna afbrigðið væri fallegra. Það átti líka við um raddaða framburðinn (bls. 130).

Í rannsókn SVIÐ á viðhorfum málnotenda til framburðar var m.a. kannað hvort þeir teldu framburð sinn mikilvægan hluta af sjálfsmýnd sinni. Þar kom meðal annars fram að sú skoðun var mest áberandi á Norðurlandi – 70% Norðlendinga töldu það annaðhvort eiga „mjög vel“ eða „frekar vel“ við. Samsvarandi hlutfall var nokkru lægra á Suður- og Suðausturlandi (60%) og á „hlutlausu svæðinu“ (58%).⁴⁶

⁴⁴ Guðrún Karlsdóttir, *Norðlenska – sunnlenska? Um afstöðu ungs fólks til framburðarmállýskna*, BA-ritgerð, Reykjavík: Háskóla Íslands, 1989; Hermína Gunnþórsdóttir, *Harðmæli og vöddun í norðlenskum framburði*, BA-ritgerð, Reykjavík: Háskóla Íslands, 1991; Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir, *Þykir harðmæli betra en linnmæli? Rannsókn á ómeðvituðum viðhorfum*, BA-ritgerð, Reykjavík: Háskóla Íslands, 2016.

⁴⁵ Margrét Guðmundsdóttir, *Mál á mannsævi*, bls. 128–130.

⁴⁶ Ásgrímur Angantýsson o.fl., „Norðlensk og sunnlensk framburðareinkenni“, bls. 29.

Nú getum við litið á tölur um tíðni harðmælis og raddaðs framburðar í RAUN með þetta í huga. Í Suður-Þingeyjarsýslu var rætt við 28 málhafa sem höfðu áður tekið þátt í RÍN, 14 karla og 14 konur. 13 þeirra höfðu líka tekið þátt í rannsókn BG. BG-fólkið var fætt á árunum 1928–1931 en aðrir RÍN-þátttakendur á árabílinu 1942–1967 (fjórir á fimmta áratugnum, fjórir á þeim sjötta og sjö á þeim sjöunda). BG-fólkið var þannig um áttrett þegar efninu var safnað í RAUN (um 2010+) og aðrir þátttakendur á fimmtugs-, sextugs- eða sjötugsaldri. Sem sé allt vel fullorðið fólk.⁴⁷ Allir fóru í gegnum myndalistann en nokkrir slepptu því að lesa sértextann *Norðurlandsmót* og jafnvel líka yfirlitstextann um *Bjarna blaðasala*. Til þess að fá sem traustastan samanburð voru aðeins teknir með þeir sem höfðu lesið báða textana. Eftir þá grísjun var 21 þátttakandi eftir af þeim 28 sem rætt var við í RAUN í Suður-Þingeyjarsýslu, 9 karlar og 12 konur. Samsvarandi athugun var gerð á framburði 45 þátttakenda af Eyjafjarðarsvæðinu í RAUN, 17 karla og 28 kvenna. Þar af voru 25 úr BG-hópnum og 20 sem voru fæddir á árabílinu frá 1948–1970 (fjórir á fimmta áratugnum, sjö á þeim sjötta og níu 1960–1970).

Í samanburðinum voru aðeins tekin með þau orð þar sem viðkomandi hljóð eða hljóðasamband stóð í atkvæði með aðaláherslu. Dæmaorðin sem þá stóðu eftir eru sýnd í töflu 1, en þar eru orðin *Bjarni blaðasali* og *Norðurlandsmót* heiti á lestextum sem voru notaðir:⁴⁸

Með „hlutlausu svæðinu“ eiga þau við þann hluta landsins sem liggur utan þeirra svæða sem rannsókn þeirra beindist einkum að, þ.e. utan Vestfjarða, Norðurlands og Suður- og Suðausturlands.

⁴⁷ Eldri hópurinn er þá af þeirri kynslóð sem er kölluð *BG-kynslóðin* í *Mál á mannsævi* og sá yngri *RÍN-kynslóðin*.


⁴⁸ Einhver þessara orða komu fyrir oftar en einu sinni í lestexta. Dæmum um *lt* er sleppt því að það samband er ekki alveg sambærilegt við hin, sbr. t.d. Baldur Jónsson, „Um tvenns konar *lt*-framburð“, *Íslenskt mál* 4, 1982, bls. 87–115. Það verður stuttlega rætt í lok greinarinnar.

	Myndalisti	Bjarni blaðasali	Norðurlandsmót
Harðmæli	<i>fata, vökva, rúta/strétó, lítir, pípa, hokull, kaka/kókur, kikir, kveikjari, strákur, sprauta, bátur, skutur, skötur, lykill, vökva, vekjaraklukka</i>	<i>apótekið, fljótur, gótunni, hrikalegu, kaupa, leti, neþja, skotið, titrandi, Víkurfréttir, þokukúfur, strákarnir</i>	<i>Akureyringar, móti, batur, hlaupabrautin, lítil, metra, hlauprið, hlýtur, hlauparinn</i>
Raddaður framburður	<i>blöðkur, svunta, mynt, svampur, hempa, úlpa, hvolpur, stelpa, mjólk, tankar, hanki, hönk, vinkill, maðkur</i>	<i>lent, samt, prentsmiðjunni, Bankastræti, fólk, skelkinn</i>	<i>iðka, liðka, ungt, fólk, skvampa, bliðka, maðkur, sent, benti, langt, vantaði, samt, slemt, heimtuðu, aumkuðu, Rauðka, stálku, skemmtileg, frænka, kanti, Fylki, minntist, 1500, álpaðist, stelpa, úlpu, glampanði, hentist, fimmti, rankaði, aumkunarverður</i>


Tafla 1: Norðlensk mállýskuorð í myndalista og lestextum í RAUN.

Eins og þessi tafla sýnir gefur myndalistinn býsna mörg tækifæri til þess að kanna viðkomandi framburðareinkenni. Sama er að segja um lestextana þótt reyndar séu frekar fá orð í *Bjarna blaðasala* sem kalla á raddaða framburðinn. Slík orð eru hins vegar mjög mörg í textanum *Norðurlandsmót* og kannski hefði mátt ætla að það myndi setja málnotendur í sérstakan röddunargír.

Myndir 3 og 4 sýna meðaltíðni þessara norðlensku framburðareinkenna hjá áður nefndum þátttakendum í RAUN í Suður-Þingeyjarsýslu (SPing) og á Eyjafjarðarsvæðinu. Tölurnar sýna hlutfall staðbundna framburðarins í þeim dæmum sem um var að ræða og eins og vænta mátti stóð harðmælið mun sterkar hjá þessum þátttakendum en raddaði framburðurinn:




Mynd 3: Tíðni norðlenskra framburðareinkenna hjá fullorðnum málnotendum í Suður-Þingeyjarsýslu um 2010.




Mynd 4: Tíðni norðlenskra framburðareinkenna hjá fullorðnum málnotendum á Eyjafjarðarsvæðinu um 2010.

Eins og sjá má á þessum myndum var tíðni þessara framburðareinkenna hvors fyrir sig nánast sú sama óháð efnissöfnunaraðferð. Þó var raddaði framburðurinn lítið eitt algengari í lestrinum en myndalistagögnunum hjá Þingeyingunum en þessu var öfugt farið hjá Eyfirðingunum. Tíðni raddaða framburðarins í sértextanum *Norðurlandsmót* sker sig ekki mikið úr, þannig að hann virðist ekki hafa sett þessa málnotendur í sérstakan röddunargír.

Á myndum 5 og 6 er sýndur samanburður á harðmælisframburði karla og kvenna í þessu úrtaki úr S-Þingeyjarsýslu og af Eyjafjarðarsvæðinu eftir því hvaða efnissöfnunaraðferð var beitt.




Mynd 5: Tíðni harðmælis hjá fullorðnum körlum og konum í Suður-Þíngeyjarsýslu um 2010.




Mynd 6: Tíðni harðmælis hjá fullorðnum körlum og konum á Eyjafjarðarsvæðinu um 2010.

Þessar myndir sýna að efnissöfnunaraðferðin hefur hér hvorki teljanleg áhrif á tíðni harðmælis hjá körlum né konum. Það kemur í sjálfu sér ekki á óvart því að harðmæli var almennt algjörlega ríkjandi meðal þessara málhafa. En eins og myndir 3 og 4 sýndu var raddaði framburðurinn hins vegar almennt sjaldgæfari en harðmælið á þessu svæði svo að þar má segja að meira rými hafi verið fyrir kynbundinn mun. Myndir 7 og 8 sýna niðurstöður úr athugun á því:



Mynd 7: Tíðni raddaðs framburðar hjá fullorðnum körlum og konum í Suður-Þingeyjarsýslu um 2010.



Mynd 8: Tíðni raddaðs framburðar hjá fullorðnum körlum og konum á Eyjafjarðarsvæðinu um 2010.

Ef við lítum fyrst á mynd 7 má sjá að raddaði framburðurinn er í öllum tilvikum algengari hjá þingeysku konunum en körlunum og þar er hann nokkru algengari í lestextunum en í myndalistagögnunum þótt ekki muni miklu. Þar sem þátttakendur eru tiltölulega fáir er kynjamunurinn þó ekki tölfraðilega marktækur. Hann kemst næst því í textanum *Norðurlandsmót* því að þar vegur fjöldi dæmaorðanna í textanum að nokkru leyti upp á móti fæð þátttakendanna og p-gildið var 0,072 fyrir kynjamuninn (fyrir myndalistann var það 0,093 og fyrir *Bjarna blaðasala* 0,173, en röddunardæmin í þeim texta voru reyndar mjög fá).⁴⁹ Fyrirfram hefði kannski ekki mátt búast við því að konur notuðu raddaða framburðinn meira en karlarinn þar sem raddaði framburðurinn er á undanhaldi á svæðinu.

⁴⁹ Aðferðin sem notuð var í SPSS í þessu tilviki nefnist ANOVA (e. *analysis of variance*).

Því hefði mátt ætla að konur notuðu hann síður vegna þess að konur eru oft í fararbroddi í málbreytingum (sjá umræður í kringum (15) hér framar). Sú staðreynd að þingeysku konurnar í þessu úrtaki notuðu raddaða framburðinn meira en karlarnir er þó í samræmi við áður nefnda niðurstöðu Margrétar Guðmundsdóttur um að raddaður framburður hafi verið orðinn algengari meðal kvenna en karla á RAUN-tímanum. Og það er ekki víst að sú ánægja Norðlendinga með eigin framburð sem fyrr var lýst yti undir notkun raddaðs framburðar hjá körlum af því að ánægjan tengist líklega mest harðmæli frekar en rödduðum framburði eins og áður var nefnt. Kannski eru þingeyiskir karlar ólíklegri en eyfirskir til að vera stoltir af rödduðum framburði (sbr. mynd 7 annars vegar og mynd 8 hins vegar). En það skýrir auðvitað ekki af hverju raddaði framburðurinn virðist algengari meðal þingeyskra kvenna en eyfirskra.

Ef við lítum nánar á mynd 8 sést að á Eyjafjarðarsvæðinu var raddaði framburðurinn heldur algengari hjá eyfirsku konunum en körlunum í heildina (þótt reyndar sé enginn munur á tíðninni í eyfirsku myndalistagögnunum), líkt og í þingeysku gögnunum, en hér er kynjamunurinn hvergi tölfraðilega marktækur. En raddaði framburðurinn er ekkert algengari í lestextunum en myndalista-gögnunum, hvorki hjá eyfirskum körlum né konum – og hjá körlunum reyndar frekar sjaldgæfari.

Niðurstöðuna úr þessum kafla má því draga saman á þessa leið:

- (18) a. Í því úrtaki sem hér er til umræðu er mjög lítill munur á tíðni staðbundnu norðlensku einkennanna harðmælis og raddaðs framburðar í RAUN-gögnunum eftir því hvaða efnissöfnunaraðferð er beitt. Lestraraðferðin ýtir ekki marktækt undir notkun staðbundnu framburðareinkennanna, sbr. myndir 3 og 4. Þetta bendir til þess að það markmið RÍN- og RAUN-rannsóknanna sem lýst var í (12a) hér framar hafi náðst, það er að gera framburðinn álíka afslappaðan í öllum tilvikum.
- b. Raddaður framburður er nokkru algengari hjá konum en körlum í Suður-Þingeyjarsýslu, sbr. mynd 7, en þessi munur er minni á Eyjafjarðarsvæðinu, sbr. mynd 8.

3.4 Norðlenskur framburður – lestexti og djúpvíðtöl í SVID

Þau gögn sem hefur verið safnað í SVID gefa nokkurt færi á því að bera saman tíðni mismunandi framburðareinkenna í lestri og í djúpvíðtölunum. Katrín Rut

Sigurgeirsdóttir kannaði þetta í MA-ritgerð sinni.⁵⁰ Rannsókn hennar náði til norðlensku einkennanna harðmælis og raddaðs framburðar annars vegar og svonlensku einkennanna *hv*-framburðar og skaftfellsks einhljóðaframburðar hins vegar. Hér verður aðeins sagt frá niðurstöðum hennar um harðmælið og raddaða framburðinn og þær bornar saman við samsvarandi niðurstöður úr RAUN.

Norðlenski hlutinn af SVIÐ-rannsókninni náði hér til 21 þátttakanda sem hafði reynst vera með áberandi norðlensk einkenni í framburði sínum (þrír úr hópnum voru þó ekki hafðir með í athugininni á raddaða framburðinum).⁵¹ Karlarnir voru 9, konurnar 12. Í hópnum var aðeins fullorðið fólk, fætt á árunum 1947–1983 (reynðar á árunum 1947–1973 í úrtakinu fyrir raddaða framburðinn). Allmargir höfðu flutt búferlum á tímabilinu, flestir innan Norðurlands eystra en þó höfðu 8 flust suður á land, meðal annars til Reykjavíkur.⁵² Þátttakendahópurinn er því svolítið öðruvísi samsettur en þeir hópar sem sagt er frá þegar fjallað er um niðurstöður úr RÍN og RAUN hér frammar (fæddur heldur síðar á 20. öld og inniheldur nokkra sem höfðu flust brott af svæðinu) en ætti þó að vera nokkuð sambærilegur.⁵³

Þar sem djúpvíðtölin snerust ekki um framburð einstakra orða eins og myndalistagögnin úr RÍN og RAUN var fjöldi markorða talsvert mismunandi eftir því hvert framburðareinkennið var. Hann var þó yfirleitt mikill þegar harðmælið átti í hlut (16–240 orð hjá hverjum þátttakanda) en dæmi sem gátu sýnt raddaðan framburð voru yfirleitt talsvert færri (6–44 orð). Ólíkt því sem var í RÍN og RAUN voru markorðin því ekki hin sömu fyrir alla þátttakendur og þetta gerir samanburðinn erfiðari. Meðal algengra markorða fyrir harðmæli og linnmæli voru þessi:⁵⁴

- (19) a. harðmæli: *Akureyri, Reykjavík, taka, nota, frekar, geta, líka, mikið, tafa, leyti, auðvitað*
 b. raddaður framburður: *fólk, samt, skemmtilegt, mjólk, almenn, vænt, vanta, menntun, tíðkast*

⁵⁰ Katrín Rut Sigurgeirsdóttir, *Áhrif málaðstæðna og viðhorfa á svæðisbundinn framburð. Samanburður á norðlenskum og svonlenskum framburðareinkennum í fjálsu tali og upplestri*, MA-ritgerð, Reykjavík: Háskóla Íslands, 2025.

⁵¹ Sama rit, bls. 43.


⁵² Sama rit, bls. 44.

⁵³ Yfirlitari bendir réttilega á að fyrir svo sem 40 árum (það er þegar RÍN-rannsóknin var gerð) var trúlega meiri munur en nú er á því mállega áreiti sem „staðfastir“ (það er heimasitjandi) málnotendur og brottfluttur urðu fyrir. Það stafar meðal annars af víðtækri fjölmiðlun nútímans.

⁵⁴ Sama rit, bls. 46–47.

Katrín Rut sleppir þarna *-lt*-sambandinu eins og gert var í umfjöllun um gögn úr RÍN og RAUN hér framar

Eins og nefnt var í (12b) hér framar er líklegt að lesturinn í SVIÐ hafi verið formlegri en lesturinn í RÍN og RAUN en viðtölin í SVIÐ á hinn bóginn kannski frekar óformlegri eða afslappaðri en viðtölin í RÍN og RAUN. Ef það er rétt hefði mátt búast við meiri mun á upplestri og viðtali í SVIÐ. Mynd 9 sýnir að harðmælið er þó nokkurn veginn jafnalgengt í upplestri og viðtali hjá körlum og konum í SVIÐ.⁵⁵




Mynd 9: Tíðni harðmælis hjá fullorðnum körlum og konum á Norðurlandi eystra um 2025.

Samanburður við myndir 5 og 6 hér framar sýnir að harðmælið er ekki eins algengt í þessu úrtaki og á sambærilegum svæðum í RAUN. Ástæðurnar geta verið nokkrar. Í fyrsta lagi eru SVIÐ-gögnin um það bil 15 árum yngri. Í öðru lagi er þátttakendahópurinn í SVIÐ að meðaltali fæddur heldur síðar á 20. öld. Í þriðja lagi höfðu nokkrir af þessum þátttakendum í SVIÐ-rannsókninni flust suður á land og þeir virðast hafa dregið meðaltíðnina aðeins niður, en engir brottfluttir voru með í því úrtaki úr RAUN sem hér hefur verið til umræðu.⁵⁶ Hins vegar eru niðurstöðurnar eins að því leyti að efnissófnunaraðferðin hefur nánast engin áhrif á tíðni harðmælis hjá málhöfundum. Þó hefði verið „svigrúm“ fyrir slíkan mun í SVIÐ þar sem harðmælið var þar ekki lengur í hæstu hæðum.

⁵⁵ Sbr. mynd 4 hjá Katrínu Rut Sigurgeirsdóttur, *Áhrif málaðstæðna*, bls. 57. Formi myndarinnar er breytt nokkuð hér til að gera hana sem sambærilegasta við fyrri myndir í greininni.

⁵⁶ Sbr. Katrín Rut Sigurgeirsdóttur, *Áhrif málaðstæðna*, bls. 55. Sjá líka hjá Margréti Láru Höskuldsdóttur, „Breytingar á norðlenskum framburði“, bls. 137.

Niðurstöðurnar eru svolítið öðruvísi fyrir raddaða framburðinn, rétt eins og var í RAUN-gögnunum. Þetta má sjá á mynd 10. Munurinn á lestrinum og viðtölunum í SVIÐ er hér meiri en munurinn á lestrinum og myndalistaspjallinu í RAUN. Það gæti stafað af því að lesturinn í SVIÐ hafi verið formlegri og viðtölin kannski afslappaðri eins og spáð var í (12b).



Mynd 10: Tíðni raddaðs framburðar hjá fullorðnum körlum og konum á Norðurlandi eystra um 2025.

Ef við berum tíðnitölurnar á mynd 10 nánar saman við samsvarandi tölur úr RAUN á myndum 7 og 8 kemur fleira athyglisvert fram. Í fyrsta lagi er raddaði framburðurinn heldur sjaldgæfari hjá konum en körlum í SVIÐ en þessu var öfugt farið í gögnunum úr RAUN. Það liggur ekki í augum uppi hvernig á að skýra þetta. Katrín Rut bendir á að þar sem raddaði framburðurinn hefur yfirleitt hörfað á síðustu áratugum mætti búast við því að konur leiddu þá breytingu.⁵⁷ Það passar hins vegar ekki við niðurstöðurnar úr RAUN eins og áður kom fram (sbr. myndir 7 og 8) þótt raddaður framburður hafi verið farinn að hörfa hjá þeirri kynslóð sem þar var til athugunar.

Það má líka gera frekari samanburð á tölunum úr SVIÐ og RAUN um tíðni raddaða framburðarins. Það er gert í töflu 2 með hliðsjón af myndum 7, 8 og 10.⁵⁸

⁵⁷ Katrín Rut Sigurgerisdóttir, *Áhrif málaðstæðna*, bls. 67.

⁵⁸ Línan viðtöl á við myndalistann í RAUN. Lestrartölurnar fyrir RAUN eru meðaltöl fyrir báða textana, það er *Bjarna blaðasala* og *Norðurlandsmót*.

	S-Þing í RAUN		Eyjafj. í RAUN		NA-land í SVIÐ	
	karlar	konur	karlar	konur	karlar	konur
viðtöl	42	65	59	59	46	33
lestur	47	69	47	57	65	59

Tafla 2: Meðaltalstölur fyrir hlutfallslega tíðni raddaðs framburðar í RAUN og SVIÐ.

Hér eru athyglisverðustu tölurnar feitletraðar. Í fyrsta lagi sýna þær að konurnar nota mun minni raddaðan framburð í viðtölunum í SVIÐ en konurnar gerðu í myndalistaviðtölunum í RAUN (33% á móti 65% og 59%). Þessi minnkun á tíðni raddaða framburðarins er í samræmi við almenna þróun hans á svæðinu. Hún kemur ekki eins skýrt fram í lestrinum hjá konunum. Raddaði framburðurinn er hins vegar talsvert algengari í lestri karlanna í SVIÐ en í lestri karlanna í RAUN (65% á móti 47%). Ástæðan gæti verið sú að í SVIÐ hafi lesturinn verið formlegri, eins og áður var bent á, og karlarnir í SVIÐ hafi verið að vanda sig sérstaklega vel í lestrinum. Þá nota þeir staðbundna framburðinn meira. En hann ætti þó að hafa verið hluti af heimamáli þeirra og í erlendum rannsóknum kemur heimamálið oft frekar fram í afslöppuðu tali en formlegu. Svo hér höfum við svipaða ráðgátu og nefnd var í (16) eftir umræðu um vestfirskuna en skýringin gæti verið sú sama: Norðlenskir karlar eru stoltir af sínum staðbundna raddaða framburði, líkt og vestfirskir karlar af einhljóðaframburðinum, og nota hann við formlegar aðstæður.

5. Dregið saman

Við getum nú dregið saman það helsta sem hefur komið fram í þessari umfjöllun (með *tali* er ýmist átt við umræður um myndalistann í RÍN og RAUN eða djúpviðtölin í SVIÐ).

- (20)a. Ólíkar aðferðir við efnissöfnun (tal og lestur) virðast hafa áhrif á tíðni sumra framburðareinkenna í því efni sem safnað er en síður eða ekki á önnur.
- b. Einhljóðaframburður á *a-ng/nk* virðist frekar koma fram í lestri en tali hjá sumum Vestfirðingum, einkum eldri körlum. Samsvarandi munur kemur ekki fram varðandi einhljóðaframburð á *ö-ng/nk*.
- c. Raddaður framburður er hjá sumum málhöfum heldur algengari í lestri en tali. Samsvarandi munur kemur ekki fram í harðmæli.

- d. Það virðist vera hægt að draga úr áhrifum efnissöfnunaraðferða með því að reyna að hafa aðstæður sem óformlegastar í öllum tilvikum. Í RÍN og RAUN var lögð talsverð áhersla á að hafa aðstæður óformlegar við lesturinn en aftur á móti hafa viðtölin kannski verið óformlegri í SVIÐ en í RÍN og RAUN. Þetta gæti verið ein ástæðan fyrir því að meiri munur kemur fram á tíðni raddaðs framburðar í tali og lestri í SVIÐ en í RAUN.
- e. Nokkur kynjamunur kom fram í sumum tilvikum í tíðni þeirra staðbundnu framburðareinkenna sem voru rannsökuð. Þannig var einhljóðaframburður á *a-ng/nk* marktækt algengari hjá (eldri) vestfirskum karlmönnum en (yngri) konum í lestri. Aftur á móti var raddaður framburður nokkru algengari hjá þingeyskum konum en körlum í RAUN, bæði í tali og lestri, en samsvarandi munur kom síður eða ekki fram hjá Eyfirðingunum. Í SVIÐ-gögnunum var raddaði framburðurinn aftur á móti heldur sjaldgæfari hjá konum en körlum, bæði í tali og lestri, og algengastur í lestri karla.

Þessar niðurstöður eru að verulegu leyti í samræmi við það sem spáð var í (12a) og (12b) hér frammar, með þeim fyrirvara sem gerður var í (12c). Hér er erfiðast að skýra af hverju konur virðast hafa haldið betur í raddaðan framburð en karlar í RAUN-gögnunum en svo hefur þetta snúist við í SVIÐ-gögnunum (sbr. tölurnar í töflum 7 og 8 fyrir RAUN og í töflu 10 fyrir SVIÐ). Samt var raddaður framburður almennt á undanhaldi í báðum tilvikum. Kannski var viðhorf fullorðinna norðlenskra karla orðið jákvæðara gagnvart raddaða framburðinum á SVIÐ-tímanum en á RAUN-tímanum eða þegar þær viðhorfskannanir voru gerðar sem sagt er frá í doktorsritgerð Margrétar Guðmundsdóttur. Þær voru gerðar um það bil 10 árum fyrr eða meira. Jákvæðari afstaða gæti skýrt hvers vegna raddaði framburðurinn skorar svona hátt í hinum tiltölulega formlega lestri í SVIÐ.

6. *Lokaorð*

Í rannsóknum á tilbrigðum í framburði er lestraraðferðin einfaldasta leiðin til þess að fá sambærileg gögn frá mörgum málnotendum á skömmum tíma. Þess vegna hefur hún verið vinsæl í íslenskum framburðarrannsóknum allt frá dögum BG. Það eru hins vegar nokkrar líkur til þess að framburður málhafa geti verið formlegri í lestri en tali. Í því felst ekki endilega að hann verði ýktur eða óeðli-

legur. Þetta getur frekar verið spurning um mismunandi málsnið. Það er í sjálfu sér forvitnilegt að sjá hvenær og þá hvers konar munur kemur fram þegar lestur er borinn saman við tal eins og hér hefur verið gert.

Þurfum við þá ekki að hafa áhyggjur af því að framburður lestextanna sem hér komu við sögu hafi verið óeðlilegur? Í (1b) var það haft eftir Labov að í öðrum málsniðum en hinu afslappaða heimamáli gæti verið hætta á ýmiss konar óreglu eða ofvöndun. Í textanum *Norðurlandsmót* var reynt að prófa þetta með því að hafa þar eftirtalin átta orð (orðmyndir) með *lt* sem ekki „áttu“ að geta verið með rödduðu *l* í eðlilegum framburði neinna og fimm dæmi með *r* sem ekki ætti að vera raddað í framburði neins þótt það væri hugsanlegt sem dæmi um ofvöndun (af því að *r* er svokallaður hljómandi eins og *l*, *m*, *n*):

- (21) a. með *l*: *gamalt*, *holt*, *pílt*, *mælt* (af sögninni *mæla* – *mælti*), *alltof*,
valt, *hælt*, *haltur*
b. með *r*: *varþa*, *gortuðu*, *óspart*, *margt*, *mark*

Einn málhafi af 21 í þingeyska hópnum í RAUN bar orðmyndina *pílt* fram með rödduðu *l*, en þar er líklegt að *t* hafi fallið brott þannig að hann hafi í raun sagt [p^híls] þótt óraddaður framburður hefði reyndar líka getað gengið þótt *t* félli þar brott. Einn málhafi af 45 í eyfirska hópnum bar orðmyndina *mælt* af sögninni *mæla* – *mælti* fram með rödduðu *l*, en hefur sér það til afsökunar að rétt á undan kom fyrir sagnmyndin *mælt* af *mæla* – *mælti* og þar hafa sumir Eyfirðingar raddað *l*. Önnur dæmi um hugsanlega ofvöndun í röddun *l* komu ekki fram hjá málhöfunum í lestri þessa texta í RAUN og ekkert dæmi kom fram með rödduðu *r* í þessum orðmyndum. Þetta bendir til þess að framburðurinn á lestrinum hafi verið eðlilegur þótt hann hafi í sumum tilvikum verið formlegri en framburðurinn í talinu. Það er þá bara spurning um málsnið. En það væri auðvitað vert að skoða þetta nánar í öðrum gögnum, til dæmis gögnunum fyrir SVIÐ þar sem munur á lestri og tali var heldur meiri en í RAUN.

Mikilvægasta niðurstaðan um ólíkar efnissöfnunaraðferðir og málsnið í íslenskum framburðarrannsóknum er þá þessi:

- (22) Ef hugtakið *heimamál* vísar til þess máls sem málnotendur „til-einka sér á máltökuskeiði“ (sjá skilgreininguna í (3a) hér framar) er ekki víst að þeir noti það alltaf í afslöppuðu, óformlegu tali. Þar er hugsanlegt að málnotendur lagi sig frekar að einhverju leyti að því máli sem algengast er í kringum þá.⁵⁹ Ef málnot-

⁵⁹ Sjá umræðu um hugtakið *accommodation*, það er ‘aðlögun’, hjá Höskuldi Þráinssyni og

endur hafa jákvæða afstöðu, meðvitaða eða ómeðvitaða, til síns heimamáls getur verið að það komi frekar fram þegar þeir vanda framburð sinn, meðvitað eða ómeðvitað, við formlegri aðstæður.

Þetta merkir þá að ef lestur kallar fram formlegra málsnið í framburðarrannsóknnum en viðtöl gera getur það leitt til þess að staðbundin einkenni verði meira áberandi í lestrinum en í viðtölunum – en þó því aðeins að ekki sé litið niður á þessi framburðareinkenni þannig að málnotendur vilji reyna að forðast þau í vönduðu málsniði (sjá erlendu dæmin *dis* og *singin* sem nefnd voru í framhaldi af (4) hér framar). Það er ástæðulaust að hafa verulegar áhyggjur af þessu ef munurinn er ekki mjög mikill og þessi einkenni eru hluti af því máli sem málnotandinn ætti að hafa tileinkað sér á máltökuskeiði. Þá ætti hann nefnilega að hafa fullt og eðlilegt vald á þeim og framburðargögnin ættu ekki að vera smituð eða skekkt af ofvöndun. Þá sýnir þessi munur bara vald málnotandans á mismunandi málsniði. En sé mikill munur á tíðni staðbundinna framburðareinkenna í tali og lestri er nauðsynlegt að skoða sérstaklega hvort lestrarframburðurinn er að einhverju leyti óeðlilegur, til dæmis með því að athuga hvort þar komi fram merki um ofvöndun.

ÚTDRÁTTUR

Meginefni þessarar greinar er samanburður á efnissöfnunaraðferðum í framburðarrannsóknnum. Fyrst eru markmið málrannsókna rifjuð upp og í tengslum við þau sagt frá kenningunni um *þversögn rannsakandans*: Sá sem er að safna gögnum um málfar þarf að beita skipulegum aðferðum við efnissöfnunina en um leið þarf hann að gæta þess að efnissöfnunin sjálf hafi ekki áhrif á málnotkun þess sem í hlut á. En því ítarlegri og skipulegri sem efnissöfnunin er, því líklegri er að hún truflfi málnotandann. Hugtakið *heimamál* (e. *vernacular*) er lykillugtak í rannsóknnum af þessu tagi. Það hefur verið skilgreint sem það mál sem málnotandinn elst upp við og tileinkar sér á máltökuskeiði og bandaríski félagsmálfræðingurinn William Labov taldi að það ætti að vera aðalviðfangsefni félagsmálfræðinga. Í erlendum framburðarrannsóknnum er oftast talið að heimamálið komi helst fram í afslöppuðu tali við óformlegar aðstæður. Vandinn er sá að erfitt er að tryggja að það efni sem safnað er við slíkar aðstæður verði algjörlega sambærilegt frá einum málnotanda til annars. Í framhaldi af þessu er svo sagt frá fjórum íslenskum rannsóknnum á tilbrigðum í íslenskum framburði. Elst er rannsókn Björns Guðfinnssonar (BG) sem var gerð á 5. áratug síðustu aldar, þá *Rannsókn á íslensku nútímamáli* (RÍN) sem Kristján

Kristjáni Árnasyni, „Phonological Variation in 20th Century Icelandic“, *Íslenskt mál* 14, 1992, bls. 89–128, hér bls. 114, og ritum sem þar er vísað til.

Árnason og Höskuldur Þráinsson stýrðu á 9. áratug aldarinnar, þá hljóðkerfishluti rannsóknarinnar *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð* (RAUN) sem sömu rannsakendur stýrðu 2010–2012 og loks rannsóknin *Svæðisbundinn framburður, viðhorf og málbreytingar í rauntíma* (SVIÐ) sem Finnur Friðriksson og Ásgrímur Angantýsson stjórnðu 2023–2025. Meginmarkmiðið er að skoða að hvaða marki mismunandi aðferðir við efnissöfnun í RÍN, RAUN og SVIÐ kunna að hafa haft áhrif á tíðni þeirra framburðareinkenna sem voru til skoðunar. Borin eru saman gögn sem voru annars vegar fengin með því að láta þátttakendur lesa texta og hins vegar með því að láta þá segja frá hlutum sem voru sýndir á myndum (RÍN og RAUN) eða með því að taka óformleg „djúpvíðtöl“ við þátttakendurna (SVIÐ). Þegar sum framburðareinkenni eiga í hlut kemur ekki fram neinn marktækur munur á tíðni eftir því hver efnissöfnunaraðferðin er, en í öðrum tilvikum getur komið fram nokkur munur og þá helst á þá leið að staðbundin einkenni koma frekar fram í lestrinum. Það fer þó að nokkru leyti eftir því hvort um karla eða konur er að ræða – í sumum tilvikum voru (eldri) karlar líklegastir til að nota staðbundna framburðinn í lestri. Hins vegar fundust ekki merki um að lestrarframburðurinn væri óeðlilegur í þeim dæmum sem voru skoðuð, til dæmis á þann hátt að þar kæmi fram ofvöndun, og sett er fram sú tilgáta að það stafi af því að lestrarframburðurinn hafi í raun verið í samræmi við þann framburð sem viðkomandi ólust upp við og hafi því í áður nefndum skilningi verið heimamál þeirra.

Lýkilorð: framburðarrannsóknir, aðferðafræði, þversögn rannsakandans, áhrif efnissöfnunaraðferða, heimamál, staðbundinn framburður á Íslandi

ABSTRACT

Pictures, speech and texts:

The influence of data collection methods on speech variants

This paper compares different data collection methods in dialectal research. After a brief review of the nature and purpose of linguistic research, the concept of *observer's paradox* is introduced. According to the American sociolinguist William Labov, the aim of linguistic research in the community is to find out how people talk when they are not being systematically observed; yet we can only obtain reliable linguistic data by systematic observation. Labov referred to the language that speakers acquire during the acquisition period as their *vernacular* and he believed that this language should be the object of investigation by linguists because variants acquired later in life might not be as regular. He also believed that the vernacular was most likely to be used in a relaxed informal situation. After a general introduction of these concepts the paper describes four large-scale investigations of phonological variation in Icelandic: BG from the 1940s, RÍN from the

1990s, RAUN from 2010+ and SVIÐ from 2023–2025. In all studies the participants were asked to read a couple of specially prepared texts aloud and the researchers would then determine for instance to what extent local phonological (or phonetic) variants were used. In RÍN, RAUN and SVIÐ other methods were also used to elicit relevant data, in particular the discussion of selected pictures (RÍN and RAUN) or traditional-style sociolinguistic interviews (SVIÐ). In this paper it is investigated to what extent the different methods influenced the use of local phonological features. It turns out that for some variables there is no difference between the data obtained by the reading method on the one hand and the data elicited by the discussion of pictures or in an informal interview on the other. For certain other features some differences were detected, mostly in the way that the local variant was more likely to be used in reading than in the discussions/interviews. In some cases this difference was most apparent in the data from (older) male speakers. There is some evidence that these speakers were more proud of their local variant than the female speakers and more likely to consider it a part of their identity. There is no evidence, however, that the pronunciation used by these (male) speakers when reading texts involved hypercorrection or other kinds of errors. It is suggested that this is so because in these instances the speakers were actually using their (original) vernacular and not some style acquired later in life, such as a prescribed variant. When this is true, the reading method is useful and reliable.

Keywords: research on dialects, methodology, observer's paradox, influence of data collection methods, vernacular, phonological variants in Iceland

HÖSKULDUR ÞRÁINSSON

prófessor emeritus

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands

hoski@hi.is

